

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júlí 2024

Skráð atvinnuleysi í júlí var 3,1%

Skráð atvinnuleysi í júlí var 3,1% og stóð í stað frá júní. Í júlí 2023 var atvinnuleysið hins vegar 2,8%.

Að meðaltali voru 6.781 atvinnulausir í júlí, 3.777 karlar og 3.004 konur. Að meðaltali fjölgaði atvinnulausum um 59 frá júní.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 5,1% og lækkaði úr 5,3% frá júní.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 0,8% og 1,2% á Austurlandi.

Alls komu inn 229 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí.


Atvinnulausir voru 7.175 í lok júlí, 3.930 karlar og 3.245 konur.

Í júlí 2024 gaf Vinnumálastofnun út 126 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 96 á höfuðborgarsvæðinu.

Í júlí var 271 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 15 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi standi í stað eða aukist lítillega í ágúst og verði á bilinu 3,1% til 3,3%.

Þróun atvinnuleysis frá júlí 2022 til júlí 2024




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi hækkaði á einum stað á landinu frá júní, það er á Vesturlandi þar sem atvinnuleysi fór úr 2,1% í 2,4% í júlí. Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júlí eða 5,1% og lækkaði úr 5,3% frá júní. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu. Atvinnuleysi var 2,7% á landsbyggðinni í júlí.

Minnst var atvinnuleysið á Norðurlandi vestra eða 0,8% og 1,2% á Austurlandi.


Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í júní og júlí.



Atvinnuleysi var lægra meðal karla en kvenna á fjórum svæðum á landinu í júlí. Mestur var munurinn á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi karla var 4,8% en atvinnuleysi kvenna 5,6%.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júlí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Atvinnulausir í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 7.175 í lok júlí, 3.930 karlar og 3.245 konur. Fjölgaði atvinnulausum körlum um 84 frá júnílokum en atvinnulausum konum fjölgaði um 94.

Alls voru 690 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júlí og fjölgaði um 35 frá júní.

Alls höfðu 1.299 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júlí og fjölgaði um 27 frá júní. Í júlí 2023 var fjöldi þeirra hins vegar 1.239 og nemur fjölgunin 60 á milli ára.


Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.990 í júlí síðastliðnum en voru 1.452 í júlí 2023.

Atvinnugreinar

Atvinnulausum fjölgaði í flestum atvinnugreinum í júlí, mest var fjölgunin í opinberri þjónustu.


Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok júlí í þremur atvinnugreinum mest þó í gistipjónustu.

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.604 sem er um 42% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.


Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara eftir þjóðerni í lok júlí 2024



Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.832 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júlí og fækkaði um fjóra frá júní. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 53% í lok júlí.

Erlendir ríkisborgarar á atvinnuleysissskrá, þróun síðustu 2 ár




Atvinnuleyfi


Í júlí 2024 gaf Vinnumálastofnun út 126 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi, þar af 96 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 60 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 66 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgæfið atvinnuleyfi í júlí, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 49 leyfi. Þá voru gefin út 27 leyfi vegna skorts á vinnuafli og 17 námsmannaleyfi. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júlí voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 42%, 32% vegna þjónustustarfa og 10% vegna starfa verkafólks og eins 10% vegna starfa sérhæfðs iðnverkafólks. Um 6% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júlí 2024



Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júlí 2024



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 45 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í júlí 2024 með samtals 302 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 584 í júlí á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 38%, 20% frá Lettlandi og 18% frá Litháen. Þeir sem eftir standa eða um 24% starfsmanna komu frá 15 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja


Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis, í allt að þrjú mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júlí 2024 voru gefin út 123 vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 74 einstaklingar. Ellefu fóru til Litháen og átta fóru til Grikklands. Þá voru gefin út 30 vottorð til viðbótar til 11 annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun

Alls komu inn 229 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júlí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 159 störf, önnur eru almenn störf eða Eures störf. Um það bil 75% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 7% á Suðurlandi og 5% á bæði Suðurnesjum og Norðurlandi eystra. Þá eru 8% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í júlí 2024



Þátttaka í vinnumarkaðsúræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í vinnumarkaðsaðgerðum og fara af skrá í allt að sex mánuði á ráðningu með styrk. Í júlí var 271 einstaklingur á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 15 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 186 einstaklingar.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistöður út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.